

FORSENDUR OG MARKMIÐ

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2023 til og með 2026



VIRÐING



ELDMÓÐUR



FRAMSÆKNI



1. Inngangur

Bæjarráð Reykjaneshæjar hefur samþykkt verklag við gerð fjárhagsáætlunar og er einn liður í því vinnuferli að taka saman helstu forsendur fjárhagsáætlunar í eitt skjal svo allir, bæði embættismenn og kjörnir fulltrúar, vinni út frá sömu forsendum. Í þessu skjali eru sett fram fjárhagsleg markmið en þjónustumarkmið birtast hins vegar í starfsáætlunum hvers sviðs.

Það er von okkar að þessi samantekt helstu forsenda auðveldi og bæti vinnu við gerð fjárhagsáætlunar Reykjaneshæjar.

Virðingarfyllt

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri.

2. Markmið

Fjármálastjórn Reykjaneshæjar skal ávallt vera í samræmi við lög og reglur sem gilda um fjármál sveitarfélaga á hverjum tíma. Markmið Reykjaneshæjar við gerð fjárhagsáætlunar 2023 og þriggja ára áætlunar 2024 til og með 2026 byggja annars vegar á fjármálareglum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og hins vegar reglum Reykjaneshæjar um gerð fjárhagsáætlunar.

Reykjaneshæjar starfar eftir fjárhagsáætlun sveitarfélagsins sem var samþykkt var í desember 2021 í bæjarstjórn. Grundvallarhlutverk bæjarsjóðs, A-hluta Reykjaneshæjar, er að veita íbúum bæjarins góða og skilvirka þjónustu.

2.1 Markmið um þjónustu

Gerð er grein fyrir stefnum, markmiðum og áformum varðandi þjónustu bæjarins í starfsáætlunum fagsviða og fyrirtækja í B-hluta samstæðu bæjarins.

2.2 Markmið um jafnvægi í rekstri A-hluta og samstæðu A og B hluta Reykjaneshæjar

Skylt er að haga fjárhagsáætlun þannig að rekstrargjöld séu fjármögnuð með tekjum af rekstri. Í 64. gr. laga nr. 138/2011 er kveðið á um að sveitarstjórn skuli sjá til þess að rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða sé þannig hagað á hverjum tíma að sveitarfélagið muni til framtíðar geta sinnt skyldubundnum verkefnum sínum. Lögin gera þess vegna kröfu um að heildarútgjöld til rekstrar vegna samstæðu skuli á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum (Jafnvægisreglan). Í mars 2020 var sett á Alþingi bráðabirgðalög sem heimila sveitarfélögum að víkja frá jafnvægisreglunni á árunum 2020 – 2023 í ljósi þess að vænta megi mikilla áhrifa af heimsfaraldrinum á afkomu sveitarfélaga á þeim árum.

Eftirfarandi þættir tryggja markmið um jafnvægi í rekstri:

- Tekjur – útsvar, fasteignagjöld, þjónustugjöld
- Íbúafjöldi
- Launakostnaður
- Annar rekstrarkostnaður

Eitt megin markmið sveitarfélagsins er að reksturinn skili afgangi til greiðslu skulda og að það geti staðið við skuldbindingar sínar á hverjum tíma með skatttekjum og um leið veitt bestu mögulega þjónustu við íbúa og setur bæjarstjórn því fram framlegðarmarkmið. Launakostnaður hefur hækkað verulega síðustu ár vegna kjarasamningshækkana og eins vegna styttingu vinnuviku og einnig hefur starfsmönnum verið fjölgað til að mæta þeirri þjónustu sem mikil fjölgun íbúa eða um 7% kallar á.



2.3 Markmið um hámark skulda og skuldbindinga í A–hluta og samstæðu A og B hluta Reykjanesbæjar

Rekstri, fjárfestingum og ráðstöfun eigna og sjóða A–hluta skal ráðstafað þannig að bæjarsjóður geti til framtíðar sinnt lögboðnm skylduverkefnum sínum á hverjum tíma. Þetta felur í sér kröfu um að heildarskuldir og skuldbindingar nemi að hámarki 150% af reglubundnum tekjum, sbr. 64. gr. laga nr. 138/2011 og reglugerðar nr. 458/2018 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga og er hér eftir vísað í það sem skuldaviðmið. Lagaákvæðið kallar á markmið um hóflega og sjálfbæra skuldsetningu.

Grunnfjárfestingar í stofnframkvæmdum eru hámarkaðar við 550 m.kr. í fjárfestingaráætlun 2023. Gert er ráð fyrir að fullu klára áfanga II sem er íþróttahús með sundlaug við Stapaskóla sem er fjárfesting að fjárhæð 1.550 m.kr. Þá er gert ráð fyrir 1.000 m.kr. í viðhald á húsnæði Myllubakkaskóla á árinu 2023 og 750 m.kr. í að byggja leikskóla í Dalshverfi III.

2.4 Markmið tengd greiðsluhæfi A–hluta

Greiðslubyrði vegna skulda og skuldbindinga A–hlutans er vel viðráðanleg á næstu árum. Reykjanesbær lauk endurskipulagningu efnahags Reykjaneshafnar árið 2018 og tók á sig skuldir og skuldbindingar Reykjaneshafnar með endurfjármögnun. Með auknum útsvarstekjum, sölu á eignahlut í HS ORKU og bættum rekstri hefur bæjarsjóður ekki þurft á fjármögnun í formi lánsfjár að halda þrátt fyrir miklar fjárfestingar í nýjum grunnskóla og íþróttamannvirki við hann. Greiðsluhæfi bæjarsjóðs er því ágætt á framangreindu tímabili.

2.5 Markmið varðandi fjárhagslegt gagnsæi

Ítarlegar fjárhagslegar upplýsingar um A–hluta skulu vera aðgengilegar kjörnum fulltrúum. Þar er átt við að á MittReykjanes er hægt að nálgast eftirfarandi fjárhagsupplýsingar varðandi rekstur bæjarfélagsins:

- Fjárhagsáætlun
- Árs hlutauppgjör
- Ársreikninga
- Viðauka við fjárhagsáætlun

Að auki hafa kjörnir fulltrúar aðgang að mælaborði bæjarsjóðs sem er veflausn keyrð í gegnum PowerBI þar sem finna má mánaðarlegar stöðu bæjarsjóðs niður á hvern málaflokk með samaburð við fjárheimildir ársins.

3. Framsetning áætlunar og rekstur málaflokka

3.1 Framsetning áætlunar

Frumvarp að fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar samanstendur af rekstrar- og efnahagsreikningi fyrir A–hluta og samstæðureikning A og B–hluta. A–hluti, öðru nafni bæjarsjóður, samanstendur af aðalsjóði, eignasjóði og umhverfismiðstöð sem sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Til B–hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem eru í meirihluta eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Einnig er nú sveitarfélögum gert með lagabreytingu að taka hlutfallslega inn í B–hluta byggðarsamlög og samstarfsverkefni þar sem ábyrgð á skuldbindingum liggur hjá sveitarfélaginu hlutfallslega við íbúafjölda. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B–hluta eru: Fráveita Reykjanesbæjar, Reykjaneshöfn, HS Veitur hf., Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf. (EFF), Tjarnargata 12 ehf., Hljómahöll–veitingar ehf., Húsnæði




hjúkurnarheimilisins á Nesvöllum og Íslendingur ehf og þau sem hlutfallslega eru í B-hluta eru Kalka sorpeyðingastöð sf., Brunavarnir suðurnesja bs., Samband sveitarfélaga á suðurnesjum og Heilbrigðiseftirlit suðurnesja.

3.2 Rekstur málaflokka

Markmiðið með verklagi við fjárhagsáætlunargerð er að bæta meðferð fjármuna bæjarins og lágmarka frávik frá fjárhagsáætlun. Fjárhagsáætlun Reykjanesbæjar er rammaáætlun þar sem málaflokkum og stofnunum eru veittar heildarfjárveitingar. Gengið er út frá því að stjórnendur sviða og stofnana hafi bestu forsendur til að vinna frekar úr þeim verkefnum sem ákveðið er að vinna og leita hagkvæmstu leiða til að framkvæma. Mikilvægt er að ákvarðanataka sé eins nálægt notendum þjónustunnar og við verður komið. Þannig verður ábyrgð skýrari og ákveðið athafnafrelsi myndast í rekstri málaflokka.

Fyrstu drög að rammaáætlun var kynnt í bæjarráði 1. september 2022 og þar samþykkt að lagt yrði upp með hana fyrir fjárhagsáætlunargerð fyrir fjárheimildir 2023. Eftir skil frá sviðsstjórum í byrjun október var ljóst að þrír málaflokkar voru yfir þeim römmum sem voru þeim var úthlutað, og kjölfarið var farið í endurskoðun á tekjuáætlun Reykjanesbæjar. Lögð var fram ný áætlun fjárheimilda fyrir árið 2023 26. október á fundi bæjarráðs sem rúmaði inni alla málaflokka. Þá stóð úti rekstur á árinu 2023 sem lýtur að opnun Stapavalla fyrir skjólstaðinga Reykjanesbæjar á miðju ári, rekstur á nýju íþróttamannvirki við Stapaskóla síðari hluta árs 2023 og að nýr leikskóli taki til starfa í Dalshverfi III en ekki tekin í fulla notkun þá. Í kjölfarið var farið í það að leita leiða til enn frekari hagræðinga sem lýtur að dagpeningum, greiddum bifreiðastyrkjum, lækkun kostnaðar í kjölfar skipulagsbreytinga, lækkun áætlunar á sérfræðikostnaði og öðrum þjónustukaupum til að mynda.

Fræðslu- og uppeldismál eru sem fyrr langstærsti málaflokkurinn í útgjöldum á árinu 2023 og nema 57,4% af heildarrekstarkostnaði, 16,4% fara í velferðarþjónustu, 7,6% í íþrótt- og tólmstundamál, 4,4% í umhverfis-, umferðar- og skipulagsmál, 2,9% í menningarmál og brunamál og almannavarnir nema 2%. Sameiginlegur kostnaður nemur 6,4% en undir þennan málaflokk falla nefndir og ráð, rekstur ráðhúss, tölvu og upplýsingamál, þjónusta og þróun fyrir allar stofnanir, fjármálaskrifstofa, skrifstofa stjórnýsly og Súlan verkefnastofa. Inni í þessum málaflokki eru einnig framlög til Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Áætluð fjárheimild umhverfismiðstöðvar nemur 1,4% og eignasjóðs 1,2%.





02 VELFERÐ	16,4%
04 MENNTUN	57,4%
05 MENNING	2,9%
06 ÍÞRÓTTIR OG TÓMSTUNDIR	7,6%
07 BRUNAVARNIR	2,0%
09 SKIPULAG	1,0%
10 SAMGÖNGUR	2,5%
11 UMHVERFISMÁL	0,9%
13 ATVINNA	0,2%
21 FJÁRMÁL	3,0%
21 STJÓRNSÝSLA	3,0%
21 SÚLAN	0,4%
31 EIGNASJÓÐUR	1,2%
33 UMHVERFISMIÐSTÖÐ	1,4%

4. Forsendur fjárhagsáætlunar 2023 og langtímaáætlana

Forsendur fjárhagsáætlunar Reykjanesbæjar fyrir árin 2023 til og með 2026 eru eins og undanfarin ár að mestu leyti byggðar á þjóðhagsspá Hagstofu Íslands sem uppfærð var síðast 27. júní 2022. Auk þess tók Samband íslenskra sveitarfélaga saman minnisblað í ágúst um forsendur og áherslur við gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélaga árið 2023.

Úr minnisblaði Sambandsins frá ágúst 2022 um efnahgsskilyrði og kjaramál:

Almennar forsendur

Í lögum um opinber fjármál er lögð áhersla á að fjárhagsáætlanir skuli byggðar á traustum forsendum um hefnahagsmál. Í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga segir með beinum hætti í 17.gr. að við vinnslu fjárhagsáætlana skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á.

Hagstofa Íslands birti þjóðhagsspá 27. júní sl. og svo aftur 11. nóvember og hafa tölfrur verið uppfærðar samkvæmt því og spáin frá júní er í sviga.

Í töflu 1 eru niðurstöður Hagstofu um þróun helstu þjóðhagsstærða árin 2022- 2026 raktar.



Spá Hagstofu um þróun efnahagsmála 2022-2026

	2022	2023	2024	2025	2026
Einkaneysla	7,6 (4,3)	1,7 (2,6)	2,2 (2,4)	2,6 (2,8)	2,6 (2,8)
Samneysla	1,5 (1,3)	0,9 (1,5)	1,3 (1,3)	0,8 (0,8)	0,7 (0,7)
Fjármunamyndun	5,8 (4,6)	1,8 (0,9)	3,7 (1,9)	2 (1,9)	2,2 (2,8)
Atvinnuvegafjárfesting	9,6 (5,5)	-1,1 (-2,5)	4,1 (2,3)	0,7 (0,6)	2,2 (3,6)
Fjárfesting í íbúðarhúsnæði	5,4 (6,3)	12,9 (10,3)	5,3 (4,3)	3,9 (3,5)	3,5 (3,0)
Fjárfesting hins opinbera	-4,8 (-0,7)	-3,8 (-1,1)	-0,4 (-3,4)	3,4 (3,4)	0,0 (-0,1)
Þjóðarútgjöld, alls	5,6 (4,0)	1,6 (2,0)	2,3 (2,0)	2,0 (2,1)	2,0 (2,2)
Útflutningur vöru og þjónustu	19,1 (17,6)	3,7 (6,3)	3,6 (3,9)	3,2 (2,9)	3,0 (2,5)
Innflutningur vöru og þjónustu	16,9 (14,3)	3,2 (4,1)	3,2 (3,3)	2,1 (2,0)	2,3 (2,1)
Verg landsframleiðsla (hagvöxtur)	6,2 (5,1)	1,8 (2,9)	2,5 (2,2)	2,5 (2,5)	2,4 (2,4)
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	3,8 (3,8)	3,9 (3,7)	4,0 (3,8)	4,0 (3,9)	4,0 (3,9)
Vísitala neysluverðs (verðbólga)	8,2 (7,5)	5,6 (4,9)	3,5 (3,3)	2,6 (2,6)	2,5 (2,5)
Kaupmáttur launa	-0,4 (0,3)	0,3 (0,6)	0,7 (0,9)	1,5 (1,6)	1,7 (1,6)
Launavísitala	7,8 (7,8)	5,9 (5,5)	4,2 (4,2)	4,1 (4,2)	4,2 (4,1)

Hagvöxtur. Hagstofa Íslands gerir ráð fyrir að hagvöxtur verði 5,1% í ár. Spáir stofnunin að úr hagvexti dragi töluvert næstu árin, verð 2,9% 2023 og 2,2% 2024. Hagvöxtur verður útflutningsdrifinn og ræðst töluvert af fjölgun ferðamanna. Reiknar Hagstofa með 17,6% vexti útflutnings vöru og þjónustu í ár, 6,3% árið 2023 og 3,9% 2024. Ekki kemurr fram hjá Hagstofu hverjar forsendur stofnunarinnar eru um fjölda ferðamanna næstu árin.

Fjárfesting í íbúðarhúsnæði telur Hagstofan aukast um 6,3% í ár og um 10,3% á því næsta. Þá spáir hún samdrætti í fjárfestingum hins opinbera í ár og næstu tvö árin þar á eftir.

Spá Seðlabanka sem kom út í byrjun maí sýnir nokkru meiri hagvöxt í ár og á því næsta. Von er á uppfærðri spá Seðlabanka í lok Ágúst. Viðskiptabankarnir birtu spar um miðjan maí eins og tafla 2 sýnir.

Tafla 2. Spár um hagvöxt

Hagvöxtur, %	2021	2022	2023	2024 Spá birt
Hagstofa	4,3	5,1	2,9	2,2 27.06.22
Íslandsbanki	4,3	5,0	2,7	2,6 18.05.22
Landsbanki	4,3	5,1	3,7	2,8 19.05.22
Seðlabanki	4,3	4,6	2,6	2,5 4.05.22
Meðaltal	4,3	5,0	3,0	2,5

Hagvaxtarspár eru keimlíkar, Landsbankinn er þó sýnu bjartsýnastur.

Fjöldi ferðamanna skiptir sköpum um hagþróun næstu ára. Ljóst er nú þegar að ferðamenn verða tvöfalt fleiri í á ren í fyrra og útlit fyrir áframhaldandi fjölgun næstu árin eins og kemur fram í töflu 3.



Tafla 3. Spár um fjölda erlendra ferðamanna

Ferðamenn, þús.	2021	2022	2023	2024
Hagstofa	700	1.600		
Íslandsbanki	700	1.550	1.900	2.100
Landsbanki	688	1.500	2.000	2.400
Seðlabanki				
Meðaltal	696	1.550	1.950	2.250

Vísitala neysluverðs byggir á könnun á útgjöldum heimila og tekur þannig til vöru og þjónustu sem heimilin kaupa, þ.á.m. húsnæðis. Hækkun vísitölu neysluverðs má nota sem vísbendingu um almennar verðbreytingar, t.d. margvíslegrar rekstrarvöru. Húsnæðisliðurinn hefur eins og kunnugt er verið leiðandi í verðbólguþróuninni. Umskipti hafa orðið í verðbólgu, hér á landi sem víðast hvar um heiminn. Hagstofan gerir ráð fyrir að verðbólga verði 7,5% í ár, 4,9% 2023 og 3,3% árið 2024.

Tafla 4. Spár um verðbólgu

Verðbólga, %	2021	2022	2023	2024
Hagstofa	4,4	7,5	4,9	3,3
Íslandsbanki	4,4	7,6	5,9	3,9
Landsbanki	4,4	7,4	5,8	4,0
Seðlabanki	4,4	7,4	5,0	2,9
Meðaltal	4,4	7,5	5,4	3,5

Verðbólgan verður næstu árin umfram þau markmið sem Seðlabankanum er ætlað að fylgja. Gera má fastlega ráð fyrir því að bankinn muni halda áfram að hækka stýrivexti og reikna verður því með því að almennir vextir muni hækka á næstu árum.

Húsnæðisverð. Undanfarin ár hefur húsnæðisverð verið afgerandi þáttur í hækkun neysluverðvísitölu. Hvorki Hagstofa né Seðlabanki birta spár um íbúðaverð. Það gera hins vegar viðskiptabankarnir. Þeir reikna með að húsnæðisverð hækki verulega í ár, eða um 20%-22%. Spáð er að úr verðhækkunum muni draga á næstu árum en verði engu að síður umfram almenna verðbólgu.

Tafla 5. Spár um íbúðaverð

Íbúðaverð, % br. frá fyrra ári	2022	2023	2024
Íslandsbanki	22,2	5,7	3,7
Landsbanki	20,0	8,0	4,0
Meðaltal	21,1	6,9	3,9

Gengi er lykilstærð í litlu opnu hagkerfi og ræður miklu um verðlagsþróun. Gengisþróunin hefur mikil áhrif á afkomu margra sveitarfélaga, einkum þar sem útflutningsstarfsemi er undirstaða atvinnulífs. Þótt skuldir A-hluta sveitarfélaga í erlendri mynt séu hverfandi, gegnir öðru máli um B-hluta fyrirtæki í ýmsum sveitarfélögum. Að venju gefa spáaðilar sér þá forsendu að nafngengi krónunnar breytist ekki út spátímabilið sem hefur í för með sér raungengið hækkar.

Atvinna er undirstaða þjóðarbúskaparins og ræður miklu um þróun útsvarstekna. Spáð er þróun atvinnuleysis en ekki um þróun starfandi fólks. Tvenns konar tölfræði er birrt um atvinnuleysi. Annars vegar birtir Hagstofa tölur sem byggðar eru á viðamiklum spurningakönnunum



(vinnumarkaðskönnun, VMK), en hins vegar birtir Vinnumálastofnun tölur sem byggðar eru á skráningu atvinnuleitenda til að fá atvinnuyleysisbætur (Skráð). Spár eru ýmist byggðar á tölu Hafstofu eða Vinnumálastofnunar.

Spár gera ráð fyrir að atvinnuleysi muni haldast nokkuð stöðugt á næstu árum. Þannig spáir Hagstofa að atvinnuleysi verði 3,8% í ár, 3,7%-3,8% næstu ár á eftir. Aðrir spár eru á líku róli.

Tafla 6. Spár um atvinnuleysi

Atvinnuleysi, % af vinnuafli	2021	2022	2023	2024
Hagstofa	6,0	3,8	3,7	3,8 VMK
Íslandsbanki	7,7	4,4	3,7	3,6 Skráð
Landsbanki	7,7	4,5	4,2	3,9 Skráð
Seðlabanki	6,0	4,3	4,2	4,2 VMK
Seðlabanki	7,7	4,5	3,7	3,6 Skráð
Meðaltal	6,0	4,1	4,0	4,0 VMK
Meðaltal	7,7	4,5	3,9	3,7 Skráð

Launavísitala. Útsvarstekjur ráðast fyrst og fremst af þróun launatekna, en jafnframt vegur launakostnaður þungt í útgjöldum sveitarfélaga. Launaþróun er því afgerandi áhrifavaldur um fjármál sveitarfélaga. Hagstofan gerir ráð fyrir að launavísitalan í heild hækki um 7,8% 2022, 5,5% 2023. Seðlabankinn birtir ekki spá um launavísitölu.

Tafla 7. Spár um launavísitölu

Launavísitala, % br. f.f. ári	2021	2022	2023	2024
Hagstofa	8,3	7,8	5,5	4,2
Íslandsbanki	8,3	7,6	6,9	6,2
Landsbanki	8,3	7,5	6,8	3,5
Seðlabanki				
Meðaltal	8,3	7,6	6,4	4,6

Launavísitölu er ætlað að mæla launabreytingar þeirra sem eru í sömu vinnu og sama starfshlutfalli á mælingartíma (“paraður samanburður”). Þegar horft er hins vegar til þróunar heildarlauna í samfélaginu þarf að hafa í huga að fólk breytir um vinnu eða starfshlutfall og nýir koma inn á vinnumarkaðinn og aðrir hætta. Launavísitalan er í raun þokkalegur mælikvarði á þróun launakostnaðar, en síðri til að meta þróun útsvarstekna.

Óhjákvæmilega leiðir aukin verðbólga til minni kaupmáttar. Gangi spár um launa- og verðlagsþróun eftir mun kaupmáttur launa nánast standa í stað á þessu ári eftir samfellda aukningu frá 2010. Hagstofan spár mjög hóflegum vexti næstu árin.

Tafla 8. Spár um þróun kaupmáttar

Kaupmáttur launa, % br. f.f. ári	2021	2022	2023	2024
Hagstofa	3,7	0,3	0,6	0,9
Íslandsbanki	3,7	0,0	0,9	2,2
Landsbanki	3,7	0,1	0,9	-0,5
Seðlabanki				
Meðaltal	3,7	0,1	0,8	0,9



Forsendur um tekjur

Útsvar. Undanfarin ár hafa forsendur um þróun útsvarstofns sem sambandið hefur miðlað til sveitarfélaga verið byggðar á áætlun fjármálaráðuneytis við undirbúning fjárlagafrumvarps. Áætlun ráðuneytisins hefur einkum verið grundvölluð á spá Hagstofu um launaþróun og vinnumagn. Niðurstöður eru sýndar í töflu 9.

Tafla 9. Spá um hækkun tekjuskatts-/útsvarstofns, breyting frá fyrra ári, %

	2023	2024	2025	2026
Hækkun útsvarstofn,%	7,6	5,9	5,4	5,2

Heimild: Fjármálaráðuneyti.

Hag- og upplýsingasvið mun að venju taka saman staðgreiðsluáætlun fyrir hvert og eitt sveitarfélag fyrir komandi ár með áætlun um eftirá álagningu vegan ársins í ár. Gert er ráð fyrir að þessar upplýsingar verði birtar í október.

Fasteignaskattar. Þjóðskrá Íslands birti nýtt fasteignamat í byrjun júní sl. Það gildir í 12 mánuði frá og með 31. desember 2022. Lögum samkvæmt skal fasteignamat endurspegla gangverð fasteigna í febrúar á gildistökuári, nú febrúar 2022.

Fasteignamat fasteigna á landinu öllu hækkaði um 19,9% milli ára og mat íbúðarhúsnæðis hækkaði um 23,6%. Á hinn bóginn hækkaði fasteignamat atvinnuhúsnæðis “aðeins” um 10,2%. Við blasir að þessar hækkningar eru langt umfram hvorutveggja verðlags- og launaþróun.

Framlög jöfnunarsjóðs. Tekjur jöfnunarsjóðs ráðast af skatttekjum ríkisins og útsvarstofni sveitarfélaga. Framlög til einstakra sveitarfélaga ráðast af lögum og reglugerðum um sjóðinn. Jöfnunarsjóður mun væntanlega gefa út tilkynningu um áætluð framlög upp úr miðjum september nk.

Kjaramál

Kjarasamningar á almennum markaði, svonefndir lífskjarasamningar, falla úr gildi 1. nóvember nk. Kjarasamningar við starfsfólk sveitarfélaga gilda ýmist til loka mars eða september 2023.

Vakin er athygli á reglugerð nr. 792/2017 sem er breyting á reglugerð um Bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, nr. 1212/2015 sem lýtur að uppgjöri vegan A-deildar Brúar:

- Þar er kveðið á um að gjaldfærslur vegan Lífeyrisaukasjóðs og Varúðarsjóðs skuli flokka sem launakostnað og færast á sömu rekstrareiningu og breyting lífeyrisskuldbindingar í reikningskilum sveitarfélaga.

Mannfjöldapróun

Hagstofa Íslands hefur endurskoðað mannfjöldaspá sína og tekur uppfærð spá til árána frá 2021 til 2070. Framreikningur mannfjöldans er í eðli sínu óvissu undirorpinn og óvissan eykst vitaskuld eftir því sem séð er lengra inn í framtíðina. Spáin gefur engu að síður mikilvægar vísbendingar um mannfjöldapróun, einkum er varðar yngstu og elstu árgangana.

Hagstofa birtir þrjár spar; mið-, lág- og háspá, sem byggja á mismunandi forsendum um hagvöxt til næstu fimm ára, frjósemi og búferlaflutningum. Yfirlitið í töflu 10 byggir á miðspánni.

Á næstu árum, fram til 2026, reiknar Hagstofa með að aðflutningur fólks verði verulegur umfram brottflutning, eða sem nemur 33 þúsund manns. Fyrir vikið verður fólksfjölgun á bilinu 2,2-3,2% eða



sem nemur að meðaltali tæplega 9,5 þúsund manns árlega. Eftir 2025 fer að hægja á fólksfjölguninni, jafnvel þannig að landsmönnum fækki, þar sem brottflutningur fólks verður að mati Hagstofu meiri en aðflutningur.

Spá Hagstofu gerir ráð fyrir að frá 2022 til 2026 muni landsmönnum á vinnualdri (21-65 ára) fjölga um 11,3% en fólki eldra en 65 ára um 14,9%. Þá gerir spáin ráð fyrir að fæðingum fari fjölgandi næstu árin og spáð er umtalsverðri fjölgun barna á leikskólaaldri en fækkun á grunnskólaaldri.

Tafla 10. Mannfjöldaspá (miðspá) Hagstofu Íslands.

	Mannfjöldi 1. janúar					Breyting	
	2022	2023	2024	2025	2026	2022-2023	2022-2026
Á 1. ári	4.840	4.968	5.120	5.288	5.487	2,6%	13,4%
1-5 ára	22.303	23.362	24.559	25.794	26.978	4,7%	21,0%
6-16 ára	52.209	52.549	52.851	53.292	53.917	0,7%	3,3%
17-20 ára	18.444	18.968	19.711	20.473	21.314	2,8%	15,6%
21-65 ára	226.791	231.807	237.556	244.353	252.414	2,2%	11,3%
66-70 ára	17.249	17.844	18.520	18.971	19.572	3,4%	13,5%
71-80 ára	23.578	24.633	25.521	26.542	27.497	4,5%	16,6%
81 árs o.e.	11.514	11.737	12.129	12.576	13.081	1,9%	13,6%
Alls	376.928	385.868	395.967	407.289	420.260	2,4%	11,5%

Hagstofa birtir ekki mannfjöldaspár eftir sveitarfélögum, en Bygðastofnun birtir slíka spá sem byggð er á spá Hagstofu. Hana má finna á eftirfarandi slóð:

https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Mannfjoldaspa/Mannfjoldaspa2022/mfjpsbgst2021_2070_1anvidauka_c-n-1-.pdf

Óvissa

Eins og jafnan er óvissa um framvindu efnahags- og kjaramála. Lítið opið hagkerfi eins eins og okkar þjóðarþúska er mun óhjákvæmilega búa við meiri sveiflur en hagkerfi stærri ríkja. Ein leið til að takast á við óvissuna er að teikna upp sviðsmyndir og vera þannig tilbúinn fyrir annars konar þróun en spár gera ráð fyrir.

Meðal helstu óvissuþátta um framvindu efnahagsmála á næstu árum má nefna:

- *Framvinda stríðsátaka í Úkraínu.*
- *Kjarasamningar.* Kjarasamningar á almennum markaði gilda til 1. nóvember nk. og flestir samningar á þeim opinbera til 1. mars nk.
- *Verðbólga.* Töluverð óvissa er um verðbólgu næstu misseri. Á alþjóðavísu skiptir þróun stríðsátaka miklu, en einnig efnahagsstefna stjórnvalda víða um heim, ekki síst BNA.
- *Vextir og gengi.* Seðlabankinn hefur gefið skýr skilaboð um að hann muni beita vöxtum til að halda aftur af verðbólgu. Viðbúið er því að vaxtastig í landinu muni hækka á næstunni.
- *Ferðaþjónusta.* Spár um hagvöxt á næstu árum eru nær alfarið reistar á forsendum um fjölgun erlendra ferðamanna. Ekki er hér á vísan að ró.
- *Sjávarútvegur.* Sem endranær ríkir töluverð óvissa um aflabrögð, einkum er varðar uppsjárvarfiska s.s. loðnu.

Sveitafélagið tók tillit til ofangreindra atriða við gerð fjárhagsáætlunar 2023 til og með 2026.




4.1 Þróun skatttekna A–hluta

Í meðfylgjandi frumvarpi að fjárhagsáætlun 2023 er gert ráð fyrir að útsvarsprósenta haldist óbreytt frá fyrra ári eða 14,52%. Gert er ráð fyrir að álagningarhlutfall fasteignaskatts á húsnæði í A–flokki lækki úr 0,30% í 0,25% og í C–flokki lækki hlutfallið úr 1,50% í 1,45%. Fasteignamat húsnæðis í Reykjanesbæ mun hækka um 21,7% milli áranna 2022 og 2023.

	Rauntölur árið 2018	Rauntölur árið 2019	Rauntölur árið 2020	Rauntölur árið 2021	Spá 2022	Rammi 2023
Útsvar	9.856.346.511 35%	10.328.547.212 5%	10.476.254.280 1%	11.205.858.134 7%	13.202.572.614 18%	13.691.000.000 6%
Fasteignaskattur	1.559.015.001 21%	1.547.700.413 -1%	1.587.897.120 3%	1.840.336.079 16%	1.926.571.975 5%	2.060.000.000 7%
Jöfnunarsjóður	2.579.441.136 11%	2.626.015.125 2%	3.154.547.512 20%	2.957.991.273 -6%	3.382.727.423 14%	2.708.000.000 -20%
Lóðarleiga	241.970.816 26%	293.807.813 21%	323.716.851 10%	319.603.308 -1%	353.012.312 10%	397.000.000 12%
Samtals skatttekjur	14.236.773.464	14.796.070.563	15.542.415.763	16.323.788.794	18.864.884.324	18.856.000.000
Breyting milli ára	28%	4%	5%	5%	16%	0%
Íbúafjöldi	18.930	19.421	19.676	20.380	21.900	22.500
Skatttekjur / íbúa	752.075	761.859	789.917	800.971	861.410	838.044
Útsvar / íbúa	520.673	531.824	532.438	549.846	602.857	608.489

4.2 Íbúafjölgun

Íbúum Reykjanesbæjar hefur fjölgað mikið á undanförunum árum. Í frumvarpi að fjárhagsáætlun 2022 er gert ráð fyrir að íbúar verði um 21.900 í lok árs 2022 og að íbúafjölgun verði 2,7% – 2,8% árin 2023 – 2026.





4.3 Þróun launakostnaðar A–hluta

Settar voru inn kjarasamningshækkunar skv. gildandi kjarasamningum og þar sem flestir samningar verða lausir í byrjun mars 2023 en samningar við grunn- og leikskólakennara gilda út árið var miðað við 5% hækkun á öll laun hjá sveitarfélaginu frá árinu 2022. Einnig var tekið tillit til fjölgunar stöðugilda og eins þar sem hægt væri að hagræða í starfsmannaveltu. Ekki verða greiddir dagpeningar á árinu 2023 og leytast við að ná hagræðingu í greiddum bifreiðastyrkjum með hertu eftirliti.

Hækkun á launakostnaði milli 2021 og útkomuspár 2022 eru rúm 4% og á milli útkomuspár 2022 og ramma 2023 um 5%:

	2016	2017	2018	2019	2020	2021	Spá 2022	Rammi 2023
Laun og launat.gj.	5.353	6.426	6.622	7.444	8.957	10.041	10.433	10.956
Lífeyrisskuldbinding	1.021	879	570	282	749	749	428	428
Samtals	6.374	7.305	7.192	7.726	9.706	10.790	10.861	11.384
Fjöldi stöðugilda	718	748	791	872	955	904	910	925
Starfsmannafjöldi	728	877	927	1.158	1.237	1.193	1.200	1.220

Við gerð frumvarps að fjárhagsáætlun Reykjaneshækkunar áætlaðir í samræmi við gildandi kjarasamninga.

4.4 Þróun annars rekstrarkostnaðar A–hluta

Annar rekstrarskostnaður hækkar um 10% á milli 2021 og áætlun 2022 en dregst saman um 5% milli áætlunar og ramma 2023:

	2016	2017	2018	2019	2020	2021	Spá 2022	Rammi 2023
Vöru- og þjónustukaup	3.066	3.263	3.692	4.179	4.933	4.920	5.732	5.067
Styrkir	1.448	1.145	1.254	1.354	1.945	2.256	2.170	2.417
Samtals	4.514	4.408	4.946	5.533	6.878	7.176	7.902	7.484
Hækkun milli ára	3%	-2%	12%	12%	24%	4%	10%	-5%

4.5 Fjárfestingaráætlun – stofnframkvæmdir

Áætlað er um 550 m.kr. fari í stofnframkvæmdir á árinu 2023 en nam sömu fjárhæð á árinu 2022. Sviðsstjórar hafa komið sér saman um áherslur næsta árs og kynnt í ráðum. Huga þarf að almennum rekstri og viðhaldi á eignum bæjarins í framtíðinni. Lágmarks viðhald til lengri tíma getur haft áhrif á verðgildi eigna og þar með eignastöðu Reykjaneshækkunar.



Grunnfjárfestingar	Svið	2023
Vegagerð að nýju jarvegslosunarsvæði	USK	20.000.000
Rafhleðsluvæðing RNB	USK	20.000.000
Heilsustígar / klára Ásbrú	USK	20.000.000
Aðgengismál	USK	5.000.000
Suðurnesjastígur	USK	40.000.000
Hlutur Reykjanesbæjar í Fráveitu Reykjanesbæjar	USK	50.000.000
Endurbætur á Holtaskóla / skólum	FRÆ	300.000.000
Nýr vaktturn Vatnaveröld	ÍT	20.000.000
Byrja á skólalóðum	FRÆ	60.000.000
Lyfta í 88 húsinu	ÍT	15.000.000
Samtala:		550.000.000

Gert er ráð fyrir fjárfestingu í íþróttamannvirki við Stapaskóla að fjárhæð 1.550 m.kr. á árinu 2022, nýbyggingu leikskóla í Dalshverfi III að fjárhæð 750 m.kr. og endurbyggingu á Myllubakkaskóla að fjárhæð 1.000 m.kr samtals 3.300 m.kr.

Sjá fjárfestingaáætlun árána 2023 til 2026 í töflu:

	2022	2023	2024	2025	2026
Fjárfestingar					
Gatnagerð	500 m.kr.	550 m.kr.	500 m.kr.	500 m.kr.	500 m.kr.
Eignasjóður	Grunnfjárf. 500 m.kr. Skólar 1.250 m.kr.	Grunnfjárf. 500 m.kr. Skólar 3.300 m.kr.	Grunnfjárf. 500 m.kr. Skólar 2.100 m.kr.	Grunnfjárf. 500 m.kr. Skólar 1.600 m.kr.	Grunnfjárf. 500 m.kr. Skólar 1.000 m.kr.
Reykjaneshöfn	45 m.kr.	343 m.kr.	157 m.kr.	80 m.kr.	72 m.kr.
HS Veitur hf.	Í samræmi við áætlun forstjóra	Í samræmi við áætlun forstjóra	Í samræmi við áætlun forstjóra	Í samræmi við áætlun forstjóra	Í samræmi við áætlun forstjóra
Fráveita	Grunnfjárfesting 150 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr.
Hjúkrunarheimili		Framlag til fjárfestingar 100 m.kr.	Framlag til fjárfestingar 150 kr.	Framlag til fjárfestingar 150 kr.	Framlag til fjárfestingar 150 kr.

4.6 Reykjaneshöfn

Stjórn Reykjaneshafnar gerir ráð fyrir á árinu 2023 að vera með jákvæða rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 339 þús.kr.

4.7 HS Veitur hf.

Eignarhlutur Reykjanesbæjar í HS Veitum hf. er 50,1% og er því tekið hér með sem B-hluti. Áætlað er að fjárfestingar félagsins verði verulegar á næstu árum en félagið ræður vel við greiðslubyrði lána af rekstri. Einnig er vakin athygli á því að í umfjöllun hér að framan um skuldaviðmið, eru rekstur og staða HS Veitna hf. einnig tekin með. Eins og fyrr hefur verið nefnt er samkvæmt ákvæði reglugerðar nr. 458/2018 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga sveitarfélaginu heimilt að undanskilja HS Veitur hf. við útreikning á skuldaviðmiði. Það er ekki gert í þeim yfirlitum sem lögð eru hér fram né við gerð árssreiknings sveitarfélagsins en ljóst að sú aðgerð hefur áhrif til lækkunar skuldaviðmiðs.



4.8 Fráveita Reykjanesbæjar

Í framkvæmdaáætlun Fráveitu Reykjanesbæjar árið 2023 er gert ráð nauðsynlegum framkvæmdum að fjárhæð um 150 m.kr. Á árunum 2024 og 2026 er gert ráð fyrir sömu fjárhæðum.

4.9 Aðrar B–hluta stofnanir

Aðrar B–hluta stofnanir eru Eignarhaldsfélagið Fasteign ehf., Íslendingur ehf., Hjúkrunarheimilið Nesvellir, Framkvæmdasjóður aldraðra, Hljómahöll veitingar ehf. og Tjarnargata 12 ehf.

Rekstur þessarra B– hluta eru í jafnvægi og hafa óveruleg áhrif á fjárhagsáætlunina.

4.9 Aðrar B–hluta stofnanir / byggðarsamlög

Með breytingum á lögum um ársreikninga á árinu 2020 er sveitarfélögum nú gert að taka byggðarsamlög sem þau bera sameiginlega ábyrgð á inn í samstæðu B–hluta hlutfallslega miðað við ábyrgð. Þessu hefur verið bætt inn í fjárhagsáætlunina og eru þetta Kalka sorpeyðingastöð sf 70,98%, Brunavarnir suðurnesja bs 80,02%, samband sveitarfélaga á suðurnesjum 70,98% og Heilbrigðiseftirlit suðurnesja 70,98%.

5.Ytri fjárhagslegar áhættur A–hluta

Dæmi um ytri fjárhagslegar áhættur:

- Verðbólguáhætta – t.d. verðbólga og vextir
- Vinnumarkaðsáhætta – t.d. verkföll, atvinnuleysi, lausir kjarasamningar og stytting vinnuviku
- Skuldabréfaáhætta – t.d. mótaðilaáhætta
- Lausafjáraáhætta – t.d. er til fjármagn til greiðslu reikninga og afborgana lána
- Áhættur vegna fjárhagslegra samskipta við ríkið – t.d. málefni fatlaðra, hækkun / lækkun tryggingagjalds
- Aðrir óvissuþættir – t.d. útsvarstekjur, fasteignagjöld, fjárhagsaðstoð ofl.



6.Forsenduyfirlit langtímaspár:

Forsenduyfirlit langtímaspár - rekstrartekjur					
	Útkomuspá	Fjárheimild	Þriggja ára áætlun		
	2022	2023	2024	2025	2026
Skatttekjur					
Íbúafjöldun	Áætluður íbúafjöldi	2,3%	2,7%	2,7%	2,8%
	21.900	22.400	23.000	23.625	24.275
Atvinnuleysi	7%	4%	4%	4%	4%
Aldurssamsetning íbúa	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt	Óbreytt
Útsvarshlutfall	>14,52%	Óbreytt hlutfall	Óbreytt hlutfall	Óbreytt hlutfall	Óbreytt hlutfall
Fasteignaskattur	A flokkur 0,30% B flokkur 1,32% C flokkur 1,50%	A flokkur 0,25% B flokkur 1,32% C flokkur 1,45%	Óbreytt hlutföll	Óbreytt hlutföll	Óbreytt hlutföll
Gatnagerðargjöld	500 m.kr. nettast á móti fjárfestingum í götum	500 m.kr. nettast á móti fjárfestingum í götum	500 m.kr. nettast á móti fjárfestingum í götum	500 m.kr. nettast á móti fjárfestingum í götum	500 m.kr. nettast á móti fjárfestingum í götum
Verðlag - launavísitala skv. þjóðhagssþá		5,9%	4,2%	4,1%	4,2%
Verðlag - neytluvísitala skv. þjóðhagssþá		5,6%	3,5%	2,6%	2,5%
Framlög jöfnunarsjóðs					
Framlög	Samkvæmt áætlun jöfnunarsjóðs	Óbreytt frá fyrra ári auk hækkun vísitölu	Óbreytt frá fyrra ári auk hækkun vísitölu	Óbreytt frá fyrra ári auk hækkun vísitölu	Óbreytt frá fyrra ári auk hækkun vísitölu
Verðlag - neytluvísitala skv. þjóðhagssþá		5,6%	3,5%	2,6%	2,5%
Aðrar tekjur og óreglulegir liðir:					
Gjaldskrár	Skv. gildandi skrá	Hámark 7% hækkun	Óbreyttar	Óbreyttar	Óbreyttar
Verðlag - neytluvísitala skv. þjóðhagssþá		5,6%	3,5%	2,6%	2,5%



Forsenduyfirlit langtímaspár - rekstrargjöld

	2022	2023	2024	2025	2026
Laun og launatengd gjöld					
Kjarasamningar	Í samræmi við gildandi samninga	Í samræmi við gildandi samninga í byrjun mars 2023	Í samræmi við gildandi samninga í byrjun mars 2023	Í samræmi við gildandi samninga í byrjun mars 2023	Í samræmi við gildandi samninga í byrjun mars 2023
Stöðugildi	Viðbót vegna Stapaskóli	Viðbót vegna skóla og Stapavalla	Öbreytt frá fyrra ári	Öbreytt frá fyrra ári	Öbreytt frá fyrra ári
Verðlag - launavísitala skv. þjóðhagsspá		5,9%	4,2%	4,1%	4,2%
Annar rekstrarkostnaður					
Hagræðing	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir	Almennar aðgerðir
Verðlag - neytluvísitala skv. þjóðhagsspá		5,6%	3,5%	2,6%	2,5%
Fjármagnsliðir					
Vextir	Samkvæmt gildandi lánasamningum	Samkvæmt gildandi lánasamningum	Samkvæmt gildandi lánasamningum	Samkvæmt gildandi lánasamningum	Samkvæmt gildandi lánasamningum
Verðlag - neytluvísitala skv. þjóðhagsspá		5,6%	3,5%	2,6%	2,5%

Forsenduyfirlit - efnahagur

	2022	2023	2024	2025	2026
Fjárfestingar					
Gatnagerð	500 m.kr.	550 m.kr.	500 m.kr.	500 m.kr.	500 m.kr.
Eignasjóður	Grunnfjárf. 500 m.kr. Skólar 1.250 m.kr.	Grunnfjárf. 500 m.kr. Skólar 3.300 m.kr.	Grunnfjárf. 500 m.kr. Skólar 2.100 m.kr.	Grunnfjárf. 500 m.kr. Skólar 1.600 m.kr.	Grunnfjárf. 500 m.kr. Skólar 1.000 m.kr.
Reykjaneshöfn	45 m.kr.	343 m.kr.	157 m.kr.	80 m.kr.	72 m.kr.
HS Veitur hf.	Í samræmi við áætlun forstjóra	Í samræmi við áætlun forstjóra	Í samræmi við áætlun forstjóra	Í samræmi við áætlun forstjóra	Í samræmi við áætlun forstjóra
Fráveita	Grunnfjárfesting 150 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr.	Grunnfjárfesting 150 m.kr.
Hjúkrunarheimli		Framlag til fjárfestingar 100 m.kr.	Framlag til fjárfestingar 150 kr.	Framlag til fjárfestingar 150 kr.	Framlag til fjárfestingar 150 kr.
Afborganir langtímaskulda og skuldbindinga					
Nýjar lántökur			Fyrirhuguð lántaka 200 m.kr.	Fyrirhuguð lántaka 610 m.kr.	
Afborganir annarra langtímaskulda	Í samræmi við gildandi lánasamninga	Í samræmi við gildandi lánasamninga	Í samræmi við gildandi lánasamninga	Í samræmi við gildandi lánasamninga	Í samræmi við gildandi lánasamninga
Leigusamningar	Í samræmi við gildandi leigusamninga	Í samræmi við gildandi leigusamninga	Í samræmi við gildandi leigusamninga	Í samræmi við gildandi leigusamninga	Í samræmi við gildandi leigusamninga
Lífeyrisskuldbindingar	Í samræmi við útreikning trygginga-stærðfræings í árslok 2022	Í samræmi við útreikning trygginga-stærðfræings í árslok 2022	Í samræmi við útreikning trygginga-stærðfræings í árslok 2022	Í samræmi við útreikning trygginga-stærðfræings í árslok 2022	Í samræmi við útreikning trygginga-stærðfræings í árslok 2022
Annað					
HS Veitur (arður / lækkun hlutfjár)	1.800 m.kr. lækkun hlutfjár og RNB fær 50,1% af því	500 m.kr. lækkun hlutfjár og RNB fær 50,1% af því			